

hina áfrýjuðu fógetagjörð ógilda, og kemur því ekki til álita, hvort gjöld þau, sem tekin voru lögtaki, að öðru leyti eigi við nokkuð að styðjast.

Samkvæmt þessum úrslitum ber hinni stefndu hreppsnefnd að greiða áfrýjandanum allan kostnað af lögtaksgjörðinni og málskotinu til yfirdómsins með 25 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða lögtaksgjörð á að vera ógild. Hin stefnda hreppsnefnd Eyrarhrepps á að greiða áfrýjandanum, bæjarstjórn Ísafjarðar-kaupstaðar, allan kostnað af lögtaksgjörðinni og málskotinu til yfirdómsins með 25 krónum innan 8 vikna frá löglegri birting dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 6. ágústmán.

Nr. 19/1883.

Rjettvísinn

gegn

Guðmundi Jónssyni

Sigurþór Ólafssyni og

Mettu Egilsdóttur.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp fyrir aukarjetti Reykjavíkur kaupstaðar 18. dag nóvembermán. 1882 í máli því, sem hjer er áfrýjað, og sem höfðað hefur verið að boði landshöfðingja gegn hinum ákærða, Guðmundi Jónssyni, fyrir brot á móti 189. gr. og 190. gr. hegningarlaganna, og Sigurþór Ólafssyni.

syni og Mettu Egilsdóttur fyrir brot gegn 148. gr. sömu laga, voru hin ákærðu dæmd sýkn af ákæru sóknarans í málinu og málskostnaður, þar með talin málsfærslulaun til talsmanna hinna ákærðu, Þorsteins málaflutningsmanns Jónssonar, Páls málaflutningsmanns Melsteðs og Indriða endurskoðunarmanns Einarssonar, 10 krónur til hvers þeirra, látinn lenda á opinberum sjóði.

Þessum dómi er að tilhlutun hins opinbera skotið til yfirdómsins.

Tildrög máls þessa eru, að 7. dag ágústmánaðar 1881 riðu hin ákærðu ásamt fleiru fólki út sjer til skemmtunar, og var ferðinni heitið upp í svo nefndan Marardal, sem er norðanvert í Hengladölum í Árnassýslu; lagði fólk þetta leið sína um á Kolviðarhóli og fór þaðan nokkru eptir hádegi, ekki allt í hóp, heldur tvennt og tvennt, Sigurþór og Metta saman, og nokkru seinna Guðmundur og Kristmann nokkur Jónsson. Kristmann þessi Jónsson fannst síðari hluta dags 7. ágústmán. örendur nálægt hinum svo nefnda draugakofa við Húsmúlan, sem svo er nefndur, vestan í Henglafjöllum, góðan spöl norður frá Kolviðarhóli, og hinn ákærði, Guðmundur Jónsson — eptir því sem upplýst er — sofandi skammt þar frá.

Bæjarfógetinn í Reykjavík hóf þá rannsókn útaf þessum atburði, og þegar rannsókninni var lokið af hans hendi, var Jón landshöfðingjaritari Jónsson eptir fyrirmælum landshöfðingja skipaður af amtmanni til að halda rannsókninni áfram, og að þeirri rannsókn aflokinni, var mál þetta höfðað og

dæmt fyrir aukarjetti Reykjavíkur af hinum reglulega dómara með þeim úrslitum, sem áður segir.

Áð því nú snertir hinn ákærða Guðmund Jónsson, þá er það eitt löglega sannað, að hann fannst sofandi örskammt frá þeim stað, þar sem Kristmann heitinn Jónsson fannst örendur, en engin sönnun er framkomin, og jafnvel engar líkur, gegn neitun hans, til, að hann hafi valdið dauða Kristmanns eða einusinni vitað, hvornig hann atvikaðist, enda er ekki einusinni það sannað, að Kristmann hafi dáíð af völdum nokkurs manns, heldur er það eptir skýrslu hlutaðeigandi hjeraðslæknis, byggðri á líkskurði, eins sennilegt, að hann hafi orðið bráðkvaddur, þótt hinn hastarlegi dauði hans meðfram kunni að hafa orsakast af ytri áverka (af slisi) og ofnautn áfengra drykkja. Það ber því að dæma Guðmund sýknan af ákæru sóknarans í máli þessu.

Áð því kemur til hinna ákærðu Sigurþórs Ólafssonar og Mettu Egilsdóttur, sem sökuð eru um að hafa brotið gegn 148. gr. hegningarlaganna, þá snerta missagnir þær, sem þeim eru gefnar að sök, eingöngu það atriði, hvaða veg þau hafi haldið heimleiðis frá áður nefndum Húsmúla, sem enga þýðingu hafði til að upplýsa dauðdaga Kristmanns, og eins og engar líkur eru til, að þau hafi borið rangt um þetta atriði til að dylja sannleikann, þannig er það upplýst, að þau aldrei áður höfðu farið leið þá, er þau báru vitni um, og voru ókunnug öllum örnefnum, svo að það er mjög skiljanlegt, þó framburður þeirra um þetta atriði væri á reiki. — Yfirdómurinn fær þannig ekki sjeð, að

hin ákærðu vísvitandi hafi unnið rangan eið eða borið rangan vitnisburð fyrir rjetti, og ber því einnig að dæma þau sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli. — Það ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, eptir atvikum einnig að því ákvæði hans um málskostnað snertir. — Málskostnaður fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanna fyrir yfirdóminum, setts landshöfðingjaritara Jóns Jenssonar, Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar málaflutningsmanna, er skulu ákveðin 15 krónur til hvers þeirra um sig, greiðist úr opinberum sjóði.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á óraskaður að standa. Málskostnaður fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanna, setts landshöfðingjaritara Jóns Jenssonar, Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar málaflutningsmanna, 15 krónur til hvers þeirra um sig, greiðist úr opinberum sjóði. —

Mánudaginn 10. septbrmán.

Nr. 27/1883.

Rjettvísín

gegn

Jörundi Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað af hálfu rjettvísinnar eptir